

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA  
RÍKISSTOFNANA

# Ársskýrsla

starfsárið 2007 - 2008

Mái 2008

Í 11. grein laga Félags forstöðumanna ríkisstofnana segir að reikningsár félagsins skuli vera frá 1. maí til 30. apríl ár hvert og telst það jafnframt vera starfsár félagsins.

Á nýliðnu starfsári skipuðu stjórn félagsins:

Haukur Ingibergsson forstjóri Fasteignamats ríkisins, formaður,  
Sigrún Jóhannesdóttir forstjóri Persónuverndar, varaformaður,  
Björn Karlsson brunamálastjóri, ritari,  
Snævar Guðmundsson framkvæmdastjóri Fasteigna ríkissjóðs, gjaldkeri,  
Gísli Tryggvason talsmaður neytenda, meðstjórnandi.

Varastjórn skipuðu:

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður,  
Rannveig Gunnarsdóttir forstjóri Lyfjastofnunar,  
Þorkell Helgason orkumálastjóri.

Endurskoðendur félagsreikninga voru:

Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík,  
Júlíusi S Ólafsson forstjóri Ríkiskaupa.

Endurskoðendur félagsreikninga til vara voru:

Gunnar Karlsson skattstjóri á Akureyri,  
Þórður Ásgeirsson fiskistofustjóri.

Tilgangur félagsins er að efla kynni félagsmanna, stuðla að samstarfi félagsmanna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almennt, vera tengiliður við stjórnvöld varðandi gagnkvæm málefni, efla kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars og stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna.

Rétt til inngöngu í félagið eiga þeir sem gegna forstöðumannsstarfi hjá ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki, gegna sambærilegu starfi hjá stofnun eða fyrirtæki sem að meirihluta er undir stjórn og í eigu íslenska ríkisins og forstöðumenn samnorræna eða alþjóðlegra stofnana, sem starfa hér á landi. Láti félagsmaður af starfi forstöðumanns ríkisstofnunar og fari á biðlaun, eftirlaun eða í starf hjá annarri ríkisstofnun helst félagsaðild hans óbreytt.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana var stofnað árið 1986. Stofnfélagar voru 70 talsins og voru það einkum forstöðumenn stofnana sem störfuðu á landsvísu hver á sínu sviði. Sérstök félög stofnana eða forstöðumanna þeirra störfuð í ýmsum sviðum ríkisrekstrarins þar sem nokkrar eða margar stofnanir sinntu sambærilegri starfsemi hver á sínu landsvæði. Sem dæmi má nefna félag sýslumanna, skólameistara og skattstjóra auk félaga á heilbrigðis- og félagsmálasviði.

Lengst af voru félagsmenn vel innan við helmingur forstöðumanna stofnana. Síðasta áratuginn eða svo hefur félagsmönnum fjölgað stöðugt, mest þó á síðustu fjórum starfsárum þrátt fyrir að stofnunum fari frekar fækkandi. Er þorri forstöðumanna í félaginu, alls 184 starfandi forstöðumenn, þó þeir séu jafnframt í félögum sem starfa á starfsviði stofnana sinna. Ástæða þessarar breytingar er væntanlega sú að félagið geri gagn og starfsemi þess sé forstöðumönnum að skapi. Ella mundu hinir önnur köfnu forstöðumenn tæpast telja félagsaðild hafa einhvern tilgang.

Á síðasta vetri endurspegladist viðurkenning á hlutverki og stöðu félagsins í tveimur atvikum, sem hvorugt er í sjálfu sér stórt en þeim mun mikilvægari táknrænt. Annars vegar bauð fjármálaráðuneytið félaginu að kynna félagið og starfsemi þess á árlegu námskeiði fyrir nýja forstöðumenn ríkisstofnana. Hins vegar staðfesti ríkisendurskoðandi skriflega að Ríkisendurskoðun geri ekki athugasemdir við að stofnun greiði félagsgjald forstöðumanns í félaginu þótt hóflegt félagsgjald sé að sönnu engum forstöðumanni ofviða. Í þessum tveimur atriðum felst mikilvæg viðurkenning á að félagið og að starfsemi þess skipti máli fyrir ríkisreksturinn.

Að sjálfsögðu taka forstöðumenn mismunandi þátt í starfsemi félagsins eftir áhuga og aðstöðu. Flestir viðburðir félagsins fara fram á höfuðborgarsvæðinu og er umstang félagsmanna sem starfa utan þess svæðis við að taka þátt í starfinu meiri en þeirra sem nær búa. Reynt hefur verið að dreifa starfsemi félagsins. Í apríl efndi félagið til dæmis til dagskrár í heilan dag á Akureyri sem tókst vel og þátttaka forstöðumann á Norðurlandi var almenn. Viðburðir utan höfuðborgarsvæðisins og nýting netsins til að miðla efni af fundum félagsins til félagsmanna er tvennt af því sem félagsmenn hafa nefnt til að starfið nái betur til þeirra félagsmanna sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins.

Á því starfsári sem nú er að ljúka hagaði félagsstjórn störfum sínum á þann hátt að halda fjóra vinnufundi þar sem línur voru lagðar um viðfangsefni

félagsins og verkefni sem unnið skyldi að. Á milli funda fóru samskipti stjórnarmanna fram í tölvupósti um þau verkefni sem stjórnarmenn unnu að. Á starfsárinu stóð félagið að eftirgreindum viðburðum annaðhvort eitt eða í samstarfi við fjármálaráðuneytið, Stofnun stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands eða aðra aðila.

Morgunverðarfundur föstudaginn 16. maí.

Fundarefni: Hvernig má auka nýsköpun í opinberum rekstri?

Fyrirlesarar voru:

Elvar Örn Arason sérfræðingur á greiningarsviði Rannís,

Karl Friðriksson framkvæmdastjóri Iðntæknistofnunar

María Heimisdóttir læknir og sviðsstjóri Hag- og upplýsingasviðs LSH

Morgunverðarfundur miðvikudaginn 3. október.

Fundarefni: Ný Ríkisstjórn – ný tækifæri

Fyrirlesarar voru:

Ómar H. Kristmundsson dósent við H.Í.

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir ráðgjafi

Sigurður Helgason stjórnsýsluráðgjafi

Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða

Þorkell Helgason orkumálastjóri

Morgunverðarfundur miðvikudaginn 24. október.

Fundarefni: Stjórnun og starfsmannamál hjá ríkisstofnunum,

Fyrirlesarar voru:

Ómar H. Kristmundsson, dósent við H.Í.

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu

fjármálaráðuneytisins,

Margrét Friðriksdóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi,

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,

Morgunverðarfundur föstudaginn 9. nóvember 2007.

Fundarefni: Áhrif laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga við söfnun upplýsinga, skráningu, miðlun og málsmeðferð stjórnvalda.

Fyrirlesari var:

Dr. Páll Hreinsson hæstaréttardómari og formaður stjórnar Persónuverndar

Morgunverðarfundur fimmtudaginn 22. nóvember.

Fundarefni: Einelti á vinnustöðum ríkisins.

Fyrirlesarar voru:

Guðmundur H. Guðmundsson, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins  
Ása Ásgeirsdóttir, Vinnueftirliti ríkisins  
Brynja Bragadóttir, ParX  
Magnús Jónsson Veðurstofustjóri  
Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands

Jólafundur félagsins var haldinn föstudaginn 30. nóvember  
Gestur fundarins var sr. Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur og fv.  
alþingismaður.  
Páll Óskar Hjálmtýsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir komu fram við undirleik  
Moniku Abendroth.

Morgunverðarfundur þriðjudaginn 4. desember.  
Fundarefni: Komandi kjarasamningar  
Fyrirlesarar voru:  
Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins  
Gunnar Björnsson formaður samninganefndar ríkisins  
Erna Einarsdóttir sviðsstjóri starfsmannamála  
Hildur Dungal forstjóri Útlendingastofnunar  
Jón Rögnvaldsson Vegamálastjóri

Stofnanaheimsókn var miðvikudaginn 23. janúar til Lögreglustjórans á  
höfuðborgarsvæðinu.  
Nutu gestir leiðsagnar Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra og starfsmanna  
hans.

Morgunverðarfundur miðvikudaginn 6. febrúar.  
Fundarefni var: Stjórnun og starfsmannamál hjá ríkisstofnunum niðurstöður  
könnunar, hvernig má nýta þær í komandi kjarasamningum og aðgerðir í  
mannauðsmálum ríkisins.  
Fyrirlesarar voru:  
Ómar H. Kristmundsson, dósent við H.Í.,  
Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu  
fjármálaráðuneytisins,  
Guðmundur H. Guðmundsson, sérfræðingur starfsmannaskrifstofu  
fjármálaráðuneytisins

Síðdegismálþing mánudaginn 11. febrúar.  
Fundarefni: Eru samkeppni og val í opinberri þjónustu leið til að auka gæði  
og hagkvæmni?

Fyrirlesarar voru:

Julian Le Grand prófessor við London School of Economics,

Rúnar Vilhjálmsón prófessor í heilsufélagsfræði

Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýsluráðgjafi í heilbrigðisráðuneytinu

Morgunverðarfundur miðvikudaginn 26. mars.

Fundarefni var: Framtíðaráherslur í stjórnun og starfsmannamálum ríkisins - Lokaniðurstaða og samantekt rannsóknar um stjórnun, starfsumhverfi og umræða um helstu framtíðarviðfangsefni.

Fyrirlesarar:

Ómar H. Kristmundsson dósent

Þorsteinn Pálsson ritstjóri,

Í pallborði með þeim: Gunnar Björnsson fjármálaráðuneyti og Arndís Ósk Jónsdóttir ParX.

Námskeið, fundur og stofnanaheimsóknir voru á Akureyri föstudaginn 18. apríl

Á námskeiði um jafnréttismál leiðbeindu:

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu.

Á félagsfundi hafði framsögu:

Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri á Akureyri

Í stofnanaheimsókn í Háskólann á Akureyri nutu gestir leiðsagnar

Þorsteins Gunnarssonar rektors

Í stofnanaheimsókn á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri nutu gestir leiðsagnar

Halldórs Jónssonar forstjóra og starfsmanna hans

Veðamesta umfjöllunarefni á því starfsári sem nú er að ljúka voru niðurstöður úr könnunum fjármálaráðuneytisins, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og ParX, annars vegar meðal ríkisstarfsmanna og hins vegar meðal forstöðumanna ríkisstofnana. Umsjón með úrvinnslu úr þessum könnunum annaðist dr. Ómar H. Kristmundsson. Niðurstöður úr könnun meðal ríkisstarfsmanna hafa eðlilega verið bornar saman við niðurstöður sambærilegrar könnunar sem gerð var fyrir áratug. Er allt eins forvitnilegat að skoða þau atriði þar sem viðhorf starfsmanna okkar hafa lítið breyst á áratug og hins vegar þau atriði þar sem viðhorfsbreytingar hafa átt sér stað.

Könnun á viðhorfum forstöðumanna hefur ekki verið gerð áður og er þar um lofsvert framtak að ræða. Meginniðurstaða könnunarinnar er sú að forstöðumenn hafa á undanförunum árum leitt miklar framfarir í mannauðsmálum hjá ríkisstofnunum og geta verið stoltir af verkum sínum. Í könnuninni kemur fram að nær allir forstöðumenn telja að mannauðsmál gegni mikilvægu hlutverki hjá stofnun sinni og hafa í störfum sínum lagt mikla áherslu á grundvallaratriði svo sem stefnumótun.

Þannig eru 63% stofnana með skriflega starfsmannastefnu sem er þreföldun frá því fyrir áratug. Aðeins hærra hlutfall stofnana eða 67% er með skriflega jafréttisáætlun. Mikil aukning er í útgáfu og notkun starfslýsinga og í 67% stofnana eru í gildi skriflegar starfslýsingar fyrir öll störf. Samkvæmt könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 1998 hafði einungis 25% stofnana starfslýsingar fyrir öll störf þannig að þarna hefur orðið hröð þróun. Einnig hafa starfsmannasamtöl mjög rutt sér til rúms. Hjá um 75% stofnana fara starfsmannasamtöl fram á minna en tveggja ára fresti þar af árlega hjá um 50% stofnana.

Það kemur fram í könnuninni að dagleg framkvæmd mannauðs- og starfsmannamála er víða á höndum forstöðumanns. Virðist svo sem stofnun þurfi að vera með yfir 100 starfsmenn til að mannauðsmálum sé fyrirkomið í sérstakri deild í stað þess að vera hluti af daglegu starfssviði forstöðumanns, fjármála- eða rekstrardeildar. Jafnframt koma fram í könnuninni vísbendingar um sérstöðu í starfsmannamálum hjá stofnunum með færri en 20 starfsmenn.

Félag forstöðumanna studdi framkvæmd þessarar könnunar með ráðum og dáð. Mikilvægt er að reglubundið framhald verði á. Miðað við tilkomu góðra og ódýrra vefspurningakerfa og að forstöðumenn eru ekki nema um 200 er auðvelt að endurtaka þessa könnun að hluta eða fullu árlega eða á tveggja ára fresti. Þá þarf ekki getgátur um stöðu mála, þróun liggur fyrir og góður grundvöllur skapast til ákvarðana um næstu skref. Félag forstöðumanna er reiðubúið til samstarfs um slíkt verkefni. Nú er augljóst hversu vel heppnað og farsælt skref það var að flytja aukið vald og ábyrgð í starfsmannamálum til stofnana og forstöðumanna þeirra fyrir um áratug og stýra fjárhag stofnana með aðferðum rammafjárlaga frekar en fjölda starfa. Ýmsar efasemdarraddir heyrðust þó um hvort forstöðumönnum væri treystandi til að axla þessa ábyrgð. Þær höfðu rangt fyrir sér.

Mannauðsmálin eru þú ekki auðvelt verkefni. Lagagrunnur og regluverk starfsmannahaldsins er óviðunandi frábrugðið því sem er á almennum vinnumarkaði þótt flest störfín séu eðlislík og miði að því að þjóna fólki á einn eða annan hátt og sérstakir kjarasamningar gilda fyrir þennan hluta vinnumarkaðarins. Meðalaldur ríkisstarfsmanna fer hækkandi og margir starfsmenn munum láta af störfum á næstu árum vegna aldurs. Betri réttindi á sumum sviðum hjá ríkisstarfsmönnum virðast ekki vega upp á móti hærri launum á einkamarkaði í huga ungs fólki þegar það velur sér starfsvettvang og þetta atriði virðist jafnframt hamla því að ríkisstarfsmenn komir á miðjan aldur haldi til starfa út á einkamarkaðinn.

Forstöðumenn ríkisstofnana eru vinnumenn hins pólitíska ríkisvalds. Frá því síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 3. maí 2007 hafa farið fram kosningar til Alþingis og ný ríkisstjórn sest að völdum. Við slíkar aðstæður ríkir alltaf ákveðin eftirvænting í okkar hópi. Þá marka stjórnmalaflokkarnir áherslur sínar til næstu fjögurra ára og leggja þær í dóm kjósenda. Ríkisstofnanir þær sem við stýrum eru þau tæki sem stjórnmalamenn hafa til að koma stefnumálum sínum í framkvæmd. Með hverri nýrri ríkisstjórn koma nýjar áherslur, sjónarmið og viðfangsefni þótt ríkisstjórnarskipti hafi að jafnaði ekki mikil áhrif á daglega iðju þeirra 22 þúsund manna sem starfa undir okkar stjórn í 17 þúsund stöðugildum sem er 12% vinnumarkaðarins.

Við alþingiskosningarnar fyrir ári voru aðstæður óvenjulegar á tvennan hátt. Annars vegar hafði samfelld stjórnarsamstarf tveggja stjórnmalaflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks staðið óvenju lengi eða í þrjú kjörtímabil. Hins vegar höfðu stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi sammælt um að ræða sín á milli um ríkisstjórnarmyndun næðu þeir meirihluta. Slík umskipti, þegar algjörlega skiptir um stjórnmalaflokka í ríkisstjórn, höfðu ekki gerst í rúman aldarþriðjung eða síðan 1971. Skoðanakannanir mánuðina fyrir kosningarnar sýndu að mjótt gat orðið á munum milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Og jafnara gat það ekki orðið. Þegar talið var upp úr kjörkössunum munaði einum þingmanni á fylkingunum.

Niðurstaða stjórnarmyndunarviðræðna var að mynduð var ríkisstjórn tveggja stærstu stjórnmalaflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar; “frjálslynd umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins” eins og segir í stjórnarsáttmála þar sem nánar er fjallað um áherslur og verkefni. Áherslur varðandi ríkisreksturinn og ríkisstofnanir eru að unnið verði að “einföldun

og nútímavæðingu stjórnsýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda.”

Meðal helstu verkefna sem unnið hefur verið að og hafa haft eða munu fyrirsjáanlega hafa áhrif á stofnanaskipan og fyrirkomulag má nefna þrennt:

Í fyrsta lagi var Stjórnarráðinu breytt meira en gert hafði verið um áratuga skeið með breytingu á verkaskiptingu og heitum ráðuneyta ásamt breytingum á fyrirkomulagi starfsmannamála innan Stjórnarráðsins. Lagaheimild til að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands skapar einnig grundvöll fækkunar eða breytinga á ráðuneytum til framtíðar. Breytingar á ráðuneytum hafa óhjákvæmilega áhrif á stofnanaskipan einkum undir þeim ráðuneytum sem mestum breytingum taka eins og þegar er komið í ljós.

Í öðru lagi var boðuð breyting á heilbrigðisþjónustinni sem miðar að því að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna, taka upp blandaða fjármögnun þannig að fjármagn fylgi sjúklingum og skapa svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma m.a. með útboðum og þjónustusamningum.

Í þriðja lagi var sett markmið um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu um helming fyrir lok kjörtímabilsins og endurmeta kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meirihluta. Að þessu hefur verið unnið í nefnd undir forystu Ólafar Norðdal alþingismanns. Var Félag forstöðumanna ríkisstofnana beðið um að tilnefna tvo fulltrúa í þá nefnd og tilnefndi félagið stjórnarmennina Margréti Hallgrímsdóttur Þjóðminjavörð og Þorkel Helgason Orkumálastjóra. Er nefndin enn að störfum.

Af og til leita þingnefndir álits félagsins á málefnum sem þar eru til umræðu. Í nóvember barst félaginu boð efnahags- og skattanefndar Alþingis um að gefa umsögn um breyting á lögum um kjararáð. Í umsögninni var rifjað upp á að hinn 1. júlí 2006 hefðu lög um kjararáð komið í staða laga um Kjaradóm og kjaranefnd. Kjararáð starfar skipað ýmist fimm eða þremur mönnum. Samkvæmt 3. gr. laganna ákvarðar fullskipað kjararáð laun forseta Íslands, þingfararkaup alþingismanna og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara. Fullskipað kjararáð sker einnig úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. laganna skuli ná en samkvæmt henni ákvarðar kjararáð skipað þremur mönnum laun og

starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Þetta ákvæði á þó ekki við um lögreglumenn, tollverði og fangaverði.

Í frumvarpi því sem þarna var til umfjöllunar var gerð tillaga um að þrengja heimildir kjararáðs til að ákvarða til hverra ákvarðanir ráðsins um laun og starfskjör skuli ná. Lagt var til að lögbinda að kjararáð ákvarði einnig laun og starfskjör ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands og forstöðumanna ríkisstofnana auk þeirra sem tilgreindir voru í gildandi lögunum. Í greinargerð með frumvarpinu var rakið að á rúmlega einu ári frá því að lögin tóku gildi hafi kjararáð kveðið upp níu úrskurði þar sem kjararáð hafi ákveðið að aðilar falli ekki undir úrskurðarvald þess. Þar á meðal eru próffessorar, yfirdýralæknir, skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands að frátöldum skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni, forstöðumenn fangelsa og skrifstofustjóri á skrifstofu forseta Íslands. Hvað varðar ný störf hafði kjararáð úrskurðað að aðstoðarlögreglustjórar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og aðstoðarríkislögreglustjórar falli ekki undir úrskurðarvald þess. Auk þess hefur kjararáð úrskurðað að framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins heyri ekki undir það þar sem stjórn sjóðsins ráði framkvæmdastjóra og í því felist einnig vald til að ráða launakjörum hans.

Í umsögn félagsins kom fram að Félag forstöðumann ríkisstofnana geti fallist á að lögbundið sé að laun og starfskjör forstöðumanna séu ákvörðuð af kjararáði hafi stjórn starfseiningar í ríkiseigu ekki það hlutverk, enda bætist við frumvarpið ákvæði sem heimili ráðuneyti og forstöðumanni að gera með sér tímabundið samkomulag um launaauka forstöðumanns nái hann tilteknum markmiðum í starfsemi stofnunar sem hann stýrir. Slíkt samkomulag sé einkum gert með tilvísan til atriða sem fram koma í erindisbréfi forstöðumanns eða samningi ráðuneytis og stofnunar um starfsemina. Þannig fyrirkomulag sé í góðu samræmi við stefnu og áherslur ríkisins á undanförunum árum um árangursdrifinn ríkisrekstur sem endurspeglast m.a. í samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og fjölmargra aðildarféлага BHM um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila dags. 28. febrúar 2005 og varðar að fjölga úrræðum til að umbuna starfsmönnum og bregðast við margbreytilegum aðstæðum með fleiri möguleikum til launasetningar t.d. með því að að árangurstengja hluta launa, greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, draga úr takmörkunum í

miðlægum kjaraákvörðunum, auka sveigjanleika launakerfisins og færa útfærslu og framkvæmd launaákvæðana nær vettvangi.

Benti félagið á að svo sé komið að forstöðumenn ríkisstofnana, sem stýra stærstum hluta af daglegri starfsemi ríkisins, séu einir af örfáum aðilum í ríkisþjónustu sem enga möguleika hafi á að tengja launakjör sín árangri í starfi. Geti slíkt fyrirkomulag tæpast talist uppörvandi né árangursmiðað. Í ljósi þessa lagði félagið til að við 1. grein frumvarpsins bætist ný málsgrein svohljóðandi: *“Jafnframt er ráðuneyti og forstöðumanni ríkisstofnunar heimilt að gera með sér tímabundið samkomulag um launaauka forstöðumanns nái hann tilteknum markmiðum í starfsemi stofnunar sem hann stýrir. Slíkt samkomulag sé einkum gert með tilvísan til atriða sem fram koma í erindisbréfi forstöðumanns eða samningi ráðuneytis og stofnunar um starfsemina.”* Ekki var tekið tillit til þessara ábendinga við afgreiðslu frumvarpsins.

Annað mál sem óskað var eftir umsögn frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana um og að þessu sinni af allsherjarnefndar var frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Í umsögn sinni tók félagið ekki afstöðu til efnis frumvarpsins en lagði áherslu á að forstöðumenn ríkisstofnana njóti sambærilegs eftirlaunaréttar og þeir hópar sem frumvarpið taki til.

#### Góðir fundarmenn

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um nokkur mál sem skipta forstöðumenn miklu. Ýmislegt er þó ónefnt sem varðar starfsemi félagsins, hópa innan þess eða einstaka forstöðumenn. Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana færi ég félagsmönnum þakkir fyrir samstarfið og þáttökuna á starfsárinu. Jafnframt þakka ég stjórnarmönnum og öðrum trúnaðarmönnum ánægjulegt samstarfið.